

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Hnoðravalla 1 og 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 25. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Hnoðravalla 1 og 3 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað tveggja hæða raðhúss verður einnar hæðar raðhús. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 3. september 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 17. september 2008